

**Nd.**

**324. Breytingartillaga**

[95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Karli Guðjónssyni.

Inn í frumvarpið komi ný grein, er verði 22. gr., svo hljóðandi:

Ef bótaþegi dvelst í sjúkrahúsi, elliheimili eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem Tryggingastofnunin eða hið opinbera greiðir fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, skal bótaþegi njóta hið minnsta 10% af bótum, sem ætlaðar hafa verið til framfærslu hans sjálfs. Heimilt er að hækka þennan bótahluta, ef sérstaklega stendur á.